

FUNDARGERÐ

361. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 9. júní 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Fjarverandi Ellert B. Schram, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Kjaramál
Ályktun stjórnar í kjölfar kjarasamninga og viðtala og ummæla bæði forsætis- og fjármál og efnahagsráðherra samþykkt formlega. Mikið um spurningar til skrifstofu frá félagsmönnum og öðrum. Baráttan heldur áfram og von er á greinum frá formanni FEB, formanni kjaranefndar og Ellert B. Schram stjórnarmanni. Ákveðið að kalla eftir fulltrúum stéttarféлага á fund stjórnarinnar þegar haustar.
2. Fjármál félagsins
8700 hafa greitt félagsgjald 2015 sem er hæsta hlutfall í sögu félagsins á þessum árstíma.
Endurskoðandi félagsins er að láta af störfum sökum aldurs og er farin af stað leit að nýjum aðila / endurskoðenda.
Nokkrar nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir eru í gangi í Stangarhylnum.
3. Útsending bréfs til ákv. aldurshóps
Drög að bréfi sýnt og samþykkt. Kostnaður við hvert bréf um 370 kr með prentun og svarpósti. Mikil umræða um aldurshópinn 60+ og hvernig ná eigi til þess hóps.
4. Nýtt félagsblað
Nýtt útlit og önnur efnistöð. Blaðið uppsett og prentað hjá Ísafold. Stjórnin felur formanni og framkv.stjóra að ganga frá þeim breytingum sem vilji er til að gera varðandi blaðið. Spurning sem stjórn velti upp; hvers vegna verið er að gefa út tvö blöð á vegum FEB og LEB til þessa aldurshóps og það fjórum sinnum ári.
5. Samtök aldraðra SA og FEB – skipun viðræðunefndar
FEB haldið tvo fundi með stjórnarmönnum SA. Fyrirhugað er að taka málið fyrir og ákveða framhaldið á aðalfundi SA sem er ráðgerður. Samþykkt viðræðunefnd FEB verði formaður, varaformaður, Erna Indriðad. stjórnarmaður og framkv.stjóri FEB.
6. Nefndir félagsins
Öldrunarnál og þjónusta – hópur hittist miðvikudag 10. júní. Hópur um heilsu og hollustu hittist einnig 10. júní kl. 15.00 með aðkomu Embætti landlæknis.
Formaður lagði fram spurningu hvort og hvað gera skuli í tilefni 30 ára afmælis fálagsins á næsta ári?
7. Nýjungar - skoða bókmenntaklúbb
Skoða þarf með bókmenntaklúbbinn þar sem mæting hefur ekki verið nægilega góð mæting. Hugsanlega þarf að koma þar inn með nýjungar. Erna Indriðad. og Ragnhildur G. eru reiðubúnar til fara í málið.
8. Önnur mál
 - Umsókn um aldursvænar borgir og Reykjavík – samþykkt í ferli. Nú fer borgin að vinna að þeim málum sem þarf til að uppfylla skilyrði.
 - Byggingarmál, framhald frá síðasta fundi. Fram kemur í auglýstu deiliskipulagi sem nú er til kynningar að um er ræða íbúðir fyrir íbúa eldri en 50 ára. Einnig er gert ráð fyrir tengibyggingu að Árskógum 2 ásamt stækkun rýmis þar. Bygginganefnd komi með tillögu um næstu skref á næsta fundi sínum og leggi fyrir stjórn.

Næsti fundur stjórnarinnar er þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00.